

Orðin okkar



Leikskólinn Gefnarborg Garði

Nafn skóla: Leikskólinn Gefnarborg

Nafn verkefnisins: Orðin okkar

Nafn verkefnisstjóra: Hildur Vilhelmsdóttir

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS – 168 2019-2020

Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn:

Markmið okkar í Gefnarborg er að vinna á sem fjölbreyttastan hátt að efla íslenska tungu í öllu okkar daglega starfi og leik. Við vinnum markvisst með námsaðferð sem nefnist Orðaspjall en sú aðferð eflir orðaforða barna í gegnum lestur bóka. Í veturn höfum við verið að vinna með verkefni sem var nefnt „Orðin okkar“ þar sem við kynntum fyrir börnunum hvernig orðin okkar geta nýst okkur á margan hátt og birst í ólíkri mynd, til dæmis í formi ljóða.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:

Við gengum út frá þeirri hugmynd að kynna ljóð fyrir börnunum og kveikja áhuga hjá þeim að semja einnig sín eigin ljóð út frá sínum upplifunum og þeim orðum sem verið var að leggja áherslu á hverju sinni í orðaspjallaðferðinni. Verkefninu óx fiskur um hrygg þegar ljóst var að blásið var til samkeppni meðal leikskólabarna í tilefni af Degi leikskólans um að „yrkja á íslensku“ sem Kennarasamband Íslands stóð fyrir og sendum við inn nokkur ljóð eftir börnin. Verkefnið hélt síðan áfram að vaxa og dafna í daglegu starfi. Í kjölfarið var ákveðið að gefa út ljóðabók sem afrakstur verkefnisins í lok vetrar og afhenda hana sem gjöf á útskriftardegi barnanna.

Helsti ávinnungur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu:

Börnin sýndu verkefninu strax í upphafi mikinn áhuga. Að hlusta á ljóð, semja sín eigin ljóð, hlusta á ljóð eftir vini sína og sjá ljóðin sín á prenti veitti þeim mikla gleði. Verkefnið jók orðaforða þeirra og víðsýni. Við fengum í lið með okkur nemendur úr grunnskólanum í Garði sem lásu upp ljóð barnanna á Degi leikskólans. Þar skein stoltið úr andlitum barnanna við að heyra ljóðin sín lesin. Það veitti okkur einnig mikla ánægju að verkefnið smitaðist heim til barnanna

og hafa börnin komið með ljóð í leikskólann sem þau hafa samið heima.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Við metum verkefnið sem góða viðbót við það mikilvæga starf sem fram fer í leikskólanum til að efla íslenska tungu. Við náðum markmiðum okkar hvað það varðar. Á útskriftardaginn fengu síðan öll börnin glæsilega útskriftarbók að gjöf með ljóðum allra barnanna ásamt myndskreytingu við hvert ljóð.

Niðurstöður verkefnisins:

Verkefnið hefur efti vitund allra sem að því komu fyrir mikilvægi fjölbreytileika okkar ástykera tungumáls.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöður:

Ljóðabók barnanna var kynnt á heimasíðu og facebooksíðum leikskólans. Á útskriftardaginn var foreldrum kynnt bókin og tilurð hennar.

Hildur Vilhelmsdóttir

Hildur Vilhelmsdóttir
Verkefnastjóri

Ingibjörg Jónsdóttir

Ingibjörg Jónsdóttir
Leikskólastjóri

